

## **215. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 16. maí 2023, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Sigurður Halldór Árnason, Arnar Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson

**Forföll:** Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Valdís Einarsdóttir forfölluðust með skömmum fyrirvara og ekki náðist að boða varamann Valdísar.

*Fundarritari:* Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.35.

### **1. Fundargerð 214. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 214. fundar nefndarinnar frá 25. apríl 2023.

#### **Afgreiðsla:**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

### **2. Vettvangsferð 2023 – Skipulag**

Breiðafjarðarnefnd undirbýr vettvangsferð sína sumarið 2023.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd hélt áfram að undirbúa vettvangsferð sína sem farin verður 28. ágúst 2023.

Starfsmaður mun undirbúa dagskrá ferðar í samstarfi við Arnar Kristjánsson.

### **3. Rannsóknartillaga um framandi tegundir í höfnum Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd vinnur að undirbúningi fyrir framkvæmd rannsóknar á framandi tegundum í höfnum Breiðafjarðar. Náttúrustofa Suðvesturlands, sem býr yfir sérþekkingu á framandi tegundum í sjó við Ísland, undirbjó tillögu að slíkri rannsókn. Tillagan var kynnt og rædd á síðasta (213.) fundi Breiðafjarðarnefndar.

Breiðafjarðarnefnd gerði nokkrar athugasemdir við rannsóknartillögu Náttúrustofu Suðvesturlands eftir síðasta fund, sem starfsmaður Breiðafjarðarnefndar ræddi við forstöðumann Náttúrustofu Suðvesturlands á milli funda.

Fyrir liggur að taka endanlega ákvörðun um framkvæmd rannsóknarinnar.

#### **Afgreiðsla:**

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar sendi nefndafólki í kjölfarið svar Náttúrustofu Suðvesturlands við athugasemdunum. Breiðafjarðarnefnd ræddi svör Náttúrustofu Suðvesturlands á fundinum og ákvað

að lokum að hefja formlega samstarf við Náttúrustofuna, sem mun þar af leiðandi framkvæma rannsókn á framandi tegundum í völdum höfnum við Breiðafjörð 2023 til 2024.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun setja sig í samband við forstöðumann Náttúrustofu Suðvesturlands til að láta vita af ákvörðun Breiðafjarðarnefndar og hefja vinnu við þjónustusamning.

#### **4. Fjármál - Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2023**

Á síðasta fundi ákvað Breiðafjarðarnefnd að starfsmaður nefndarinnar uppfærði fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar, með tilliti til mögulegra rannsókna og vettvangsferðar, fyrir næsta fund.

##### **Afgreiðsla:**

Starfsmaður lagði fyrir Breiðafjarðarnefnd uppfærða fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, sem Breiðafjarðarnefnd samþykkti.

#### **5. Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun**

Formaður Breiðafjarðarnefndar, Erla Friðriksdóttir, er fulltrúi Breiðafjarðarnefndar í stýrihópi um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun og Jakob Johann Stakowski, starfsmaður Breiðafjarðarnefndar, vinnur einnig með stýrihópnum.

##### **Afgreiðsla:**

Erla var beðin um að kynna starfsemi Breiðafjarðarnefndar og áhersluverkefni hennar á næsta fundi stýrihópsins þann 16. maí 2023. Rætt var um verkefni og málefni sem Erla mun kynna á fundi stýrihóps.

#### **6. Samráð við Reykólahrepp og Framfarafélag Flateyjar vegna skipaheimsókna AECO í Flatey**

Í febrúar 2023 sendi Umhverfisstofnun Breiðafjarðarnefnd erindi AECO um heimsóknir leiðangursskipa í Flatey í tengslum við vinnu Umhverfisstofnunar á stjórnunar- og verndunaráætlun fyrir friðlandið í Flatey. Breiðafjarðarnefnd ræddi erindi AECO á fundi í mars, þar sem ákveðið var að leita frekara samráðs við Reykólahrepp og Framfarafélag Flateyjar.

Breiðafjarðarnefnd sendi beiðni um fund til Reykólahrepps og Framfarafélags Flateyjar í apríl til að ræða málið og mögulegar afleiðingar skipakoma fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

##### **Afgreiðsla:**

Sveitarstjóri Reykólahrepps, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, og fjórir fulltrúar Framfarafélags Flateyjar mættu á Teams fund Breiðafjarðarnefndar til að ræða skipakomur í Flatey.

Skipakomur í Flatey byrjuðu árið 2020 og verða 20 sumarið 2023. Gert er ráð fyrir að u.þ.b. 100 gestir fari í land við hverja skipakomu. Framtíðarspá sýnir að fleiri skip koma við í Flatey á næstu árum.

Samhljómur var meðal allra þriggja aðila á fundinum að þörf sé á að stjórna skipakomum í Flatey til langs tíma með skipulögðum hætti til að tryggja að álagið á Flatey og verndarsvæði Breiðafjarðar

verði takmarkað. Skipulag við komur skipa þarf að vera formlegt og æskilegt er að sem flestum heimsóknnum sé stýrt af heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna í Flatey.

Rætt var um þann möguleika að formfesta leiðsög sem heimamenn hafa framkvæmt fyrir skipakomur betur við Framfarafélags Flateyjar.

Allir aðilar á fundi voru sammála um að nauðsynlegt sé að ræða málefnið áfram og munu Reykhólahreppur, Framfarafélag Flateyjar og Breiðafjarðarnefnd hittast aftur í haust til að gera það.

Breiðafjarðarnefnd mun hafa frumkvæði að fundi í haust.

## **8. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður ákveðinn síðar. Nefndin heldur því opnu, m.a. út frá þeim erindum sem berast nefndinni, hvort hún vilji hittast í júní eða hvort næsti fundur verði staðfundur í ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.